



## Ritryndar greinar í Iðjuþjálfanum

### Leiðbeiningar til höfunda

Höfundar þurfa að fylgja leiðbeiningum í hvívetna. Gera skal ráð fyrir að ferli ritryni taki minnst sex mánuði og því þarf handrit að berast fræðilegri ritstjórn með góðum fyrirvara.

Ritrynd grein í Iðjuþjálfanum getur verið:

- Rannsóknargrein - hámarkslengd 5000 eða 2500 orð
- Yfirlitsgrein - hámarkslengd 5000 orð
- Greining á starfi eða starfsaðferðum - hámarkslengd 2500 orð
- Tilvikslýsing - hámarkslengd 2500 orð

Tilgreindur orðafjöldi vísar til megintexta handrits og þar eru útdráttur, heimildaskrá, töflur, myndir og viðaukar ekki meðtalin. Útdráttur þarf að fylgja öllum handritum. Nota skal APA-kerfið við tilvísanir í heimildir og gerð heimildaskrár.

### Rannsóknargrein

Rannsóknargreinar geta verið tvenns konar. Í fyrsta lagi greinar sem eru allt að 5000 orð og fjalla um rannsóknir sem eru fullunnar. Í öðru lagi greinar sem eru allt að 2500 orð og fjalla um smærri rannsóknarverkefni eða forrannsóknir. Í báðum tilvikum þarf handritið að innihalda útdrátt, inngang, aðferðir, niðurstöður og umræðu.

*Útdráttur:* Útdráttur er hnitmiðuð samantekt á tilgangi, aðferðum, niðurstöðum og ályktunum um gildi rannsóknarinnar fyrir iðjuþjálfafagið. Útdráttur á að vera bæði á íslensku og ensku og að hámarki 200 orð fyrir langa grein og 100 orð fyrir stutta. Í lok útdráttar eru tilgreind *fjögur lykilorð/orðasambönd* á íslensku og ensku.

*Inngangur:* Inngangur er gagnrýnið yfirlit yfir rannsóknir og annað fræðilegt efni sem tengist rannsóknarefninu. Koma þarf fram hvar frekari þekkingu skortir og rökstyðja þörfina fyrir rannsóknina sem um ræðir.

*Aðferð:* Hér er lýst öflun gagna, greiningu og úrvinnslu og aðferðafræðin í heild sinni rökstudd. Einnig er gerð grein fyrir úrtaki/þátttakendum rannsóknarinnar, réttmæti,

áreiðanleika og siðfræðilegum atriðum. Lýsingin skal vera það skýr að unnt sé að endurtaka sams konar rannsókn.

*Niðurstöður:* Niðurstöður þurfa að vera settar fram á aðgengilegan og læsilegan máta og hafa skýra tengingu við markmið rannsóknar og aðferðir.

*Umræða:* Hér er fjallað um niðurstöðurnar, þýðingu þeirra fyrir iðjuþjálfafagið og hvernig þær falla að þeirri þekkingu sem fyrir er. Takmarkanir rannsóknarinnar eru tilgreindar og bent á þörf fyrir frekari rannsóknir og sköpun þekkingar á efninu.

## **Yfirlitsgrein**

Yfirlitsgrein er kerfisbundin úttekt á ákveðnu málefni sem snertir iðjuþjálfafagið, s.s. starfsemi, hugmyndafræði, aðferðafræði eða siðfræðilegum álitamálum. Í yfirlitsgrein þarf að: (a) taka saman og lýsa hugmyndafræði og rannsóknum um efnið, (b) samþætta og leggja gagnrýnið mat á gæði fræðanna og (c) draga fram mikilvægustu atriðin og setja fram tillögur um svið þar sem þörf er á haldbetri þekkingu. Handritið skal innihalda útdrátt, inngang, aðferðir, niðurstöður og umræðu.

*Útdráttur:* Útdrátturinn gefur innsýn í tilgang úttektarinnar og hvaða leiðir voru notaðar til að finna og velja heimildir. Auk þess eru tilgreindar meginniðurstöður úttektarinnar og þýðing þeirra fyrir iðjuþjálfafagið. Útdráttur á að vera bæði í íslensku og ensku og að hámarki 200 orð. Í lok útdráttar eru tilgreind *fjögur lykilorð/orðasambönd* á íslensku og ensku.

*Inngangur:* Í inngangi er efnið útskýrt og rökstutt af hverju úttektar er þörf. Auk þess þarf að gera skýra grein fyrir tengslum og þýðingu efnisins fyrir iðjuþjálfafagið.

*Aðferð:* Hér er lýst ástæðu þess að ákveðin leið var valin til að leita heimilda og tilgreina gagnasöfn og lykilorð. Gerð er grein fyrir viðmiðum til að útiloka, velja og meta heimildir og með hvað hætti upplýsingar voru dregnar fram og settar í samhengi.

*Niðurstöður:* Hér eru meginniðurstöður settar fram og gæðum þeirra lýst í hnotskurn.

*Umræða:* Í umræðu er ályktað um þýðingu úttektarinnar fyrir iðjuþjálfafagið. Einnig er bent á takmarkanir úttektarinnar og þörf fyrir frekari þekkingarsköpun auk þess sem settar eru fram tillögur að áframhaldandi rannsóknarvinnu sem tengist efninu.

### **Greining á starfi eða starfsaðferðum**

Í handriti er lýst afmörkuðu dæmi úr starfi iðjuþjálfara og gerð gagnrýnin greining á því. Greiningin getur átt við vinnu með einstökum skjólstæðingi, fjölskyldu eða hópi, ákveðið matstæki, íhlutunarleið, kennsluáðferð eða starfsvettvang. Handritið má vinna í samstarfi við skjólstæðinga, notendur eða aðra fagaðila.

*Útdráttur:* Útdrátturinn er hnitmiðað yfirlit yfir greininguna, þ.e. gagnrýnin endurspeglun af dæminu sem fjallað er um og þýðingu þess fyrir iðjuþjálfafagið. Útdráttur á að vera bæði í íslensku og ensku og að hámarki 100 orð. Í lok útdráttar eru tilgreind *fjögur lykilorð/orðasambönd* á íslensku og ensku.

*Aðstæður:* Hér er starfsaðstæðunum lýst í stuttu máli.

*Gagnrýnin ígrundun:* Hér er lýst því sem fór fram og atburðarásin ígrunduð m.t.t. (a) hvernig starfið stýrðist af ákveðinni stefnumótun, hugmyndafræði og/eða rannsóknum innan iðjuþjálfunar, eða (b) hvernig starfið ytir undir skilning á ákveðinni stefnumótun og iðjuþjálfafaginu. Ígrundunin er tengd við hugmyndafræði og rannsóknir innan fagsins.

*Samantekt:* Greiningunni lýkur með stuttri samantekt þar sem varpað er ljósi á málefni sem hafa ber í huga í framtíðinni.

### **Tilvikslýsing**

Í tilvikslýsingu er fjallað um áhugavert tilvik (einn til þrjá skjólstæðinga eða eina fjölskyldu) sem felur í sér áskorun og hefur þýðingu fyrir iðjuþjálfafagið. Tilvikið getur einnig vísað til óhefðbundinnar nálgunar í starfi, sérstaks atviks eða starfsemi iðjuþjálfara í víðara samhengi. Handritið má vinna í samstarfi við notendur þjónustu.

*Útdráttur:* Útdrátturinn er hnitmiðað yfirlit yfir tilvik og þýðingu þess fyrir iðjuþjálfafagið. Útdráttur á að vera bæði í íslensku og ensku og að hámarki 100 orð. Í lok útdráttar eru tilgreind *fjögur lykilorð/orðasambönd* á íslensku og ensku.

*Inngangur:* Í inngangi er forsaga tilviksins sögð í stuttu máli og aðstæðum lýst.

*Meginmál:* Í meginmáli er lýst því sem átti sér stað (ferli þjónustu og útkomu) og hvernig brugðist var við áskoruninni. Ferlið er ígrundað í ljósi faglegrar rökleiðslu, hugmyndafræði og rannsókna innan fagsins.

*Samantekt:* Handritinu lýkur með stuttri samantekt þar sem varpað er ljósi á þýðingu tilvikslýsingarinnar fyrir gagnreynt starf innan iðjuþjálfunar.